

Nd.

123. Frumvarp

til laga um vexti.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Pegar samið er um vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 6% á ári.

2. gr.

Heimilt er að taka allt að 8% ársvexti af peningaláni með veði í fasteignum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um vexti, nr. 10, 7. febr. 1890.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er ætlast til að komi í stað laga nr. 10, 7. febr. 1890, sem farið er fram á að nema úr gildi, þar sem þau eru orðin langt á eftir tímanum og eiga alls ekki lengur við. Eins og sakir standa hafa aðeins Landsbankinn og Íslandsbanki heimild til undanþágu frá nefndum lögum, en það er auðsætt, að sparisjóðum er ógagn mikið að þeim, enda hafa þeir á síðustu tímum neyðst til að virða þau að vettugi. Þá er einstaklingum einnig, sjerstaklega eins og peningaástandið nú er, stórbagi að þessum úreltu lögum. Rjett þykir að miða vexti 1. gr. frv. þessa við vexti 38. gr. hinna almennu viðskiftalaga, nr. 31, 11. júlí 1911.